

Alþingi
Erindi nr. P 141/1298
komudagur 25.1.2013



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mm.is · menntamálaráðuneyti.is

Efnahags- og viðskiptanefnd
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 22. janúar 2013
Tilv.: MMR13010401/12.9.0

Mennta- og menningarmálaráðuneyti kemur hér með á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd athugasemd við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994 um bókhald. Í 3. gr. frumvarpsins segir:

Við 3. mgr. 25. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó er félögum skv. 1. gr. heimilt þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. vegna erlends eignarhalds eða erlendra stjórnarmanna, að hafa texta ársreiknings á dönsku eða ensku .

Í íslenskri málstefnu sem samþykkt var á Alþingi 12. mars 2009 er fjallað um íslensku í atvinnulífinu og segir þar:

Íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi. Þetta markmið felur það í sér að tryggt skuli að hér á landi geti fólk áfram unnið sín störf á íslensku og viðskiptavinir geti áfram átt samskipti við fyrirtæki á Íslandi á íslensku. Enn fremur að ársskýrslur og önnur gögn um íslensk fyrirtæki verði áfram á íslensku (þótt nauðsynlegt kunní að reynast að hafa þau einnig aðgengileg á ensku eða einhverju öðru máli) og meginreglan verði áfram sú að fyrirtæki á Íslandi heiti íslenskum heitum sem samræmast íslenskri málvenju. Markmiðið er ekki að útrýma ensku eða öðrum tungumálum úr atvinnulífi á Íslandi, enda er notkun ensku eða annarra tungumála óhjákvæmileg í alþjóðlegum samskiptum, heldur er markmiðið að tryggja farsæla sambúð íslensku og ensku í umhverfi þar sem íslenska er aðalsamskiptamálið.

Enn fremur segir í íslenskri málstefnu:

Eins og áður sagði getur það ekki verið markmið að útrýma notkun erlendra tungumála í alþjóðlegu atvinnuumhverfi; þar er óhjákvæmilegt að nota þurfi erlend tungumál að einhverju marki. En erlend tungumál mega þó ekki koma í stað íslensku heldur verður íslensk tunga að halda sínum sess við hlið annarra tungumála.

Frumvarpið er því ekki í samræmi við íslenska málstefnu.

Í lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls er einnig kveðið á um að íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi og skulu stjórnvöld tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Íslensk málnefnd hefur það hlutverk samkvæmt lögum að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu. Æskilegt er að þegar undirbúið er frumvarp sem kveður á um meðferð íslenskrar tungu að leitað verði ráðgjafar hjá nefndinni.

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir